



Fræðslunefnd 2. FUNDUR - 10. júlí, 2006

Fundur haldinn í fræðslunefnd mánudaginn, 10. júlí, 2006 kl. 18:00 í leikskólanum.
Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Breyting á opnunartíma leikskólans.
2. Staða viðbyggingar.
3. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Breyting á opnunartíma leikskólans.

Formaður Helga Kristín setti fund og gaf Jóhönnu leikskólastjóra orðið. Jóhanna kynnti tillögur að styttri opnunartíma leikskólans veturinn 2006. Miklar umræður urðu um málið.

Tvær bókanir komu fram, annars vegar frá stjórn foreldrafélagsins og hins vegar frá Árnýju Árnadóttur þar sem er mótmælt fyrirhuguðum breytingum.

Bókun vegna tillögu um breytingu á opnunartíma Leikskólans Barnabæjar frá Árnýju Þóru Árnadóttur, Á-lista.

„Ég undirrituð mótmæli eindregið breytingu á opnunartíma leikskóla þar sem slíkt er skerðing á þjónustu bæði fyrir foreldra og börn. Ef við viljum laða að fólk til búsetu á Blönduósi er ein af forsendum þess að bjóða upp á góðan leikskóla seð sambærilegum opnunartíma og gerist annarsstaðar. Ég treysti foreldrum til að hafa vistunartíma barna sinna ekki lengri en þörf krefur. Ef stytta á opnunartíma bitnar það helst á atvinnuþátttöku kvenna sem síður geta þá tekið að sér ábyrgðarstörf. Varðandi fjölskyldustefnu finnst mér komin tími til að endurskoða lokun leikskólans í fjórar vikur yfir sumarið þar sem víða er það þannig að foreldrar geta ekki tekið frí á sama tíma, því ætti sumarfrí barnsins að vera á sama tíma og foreldris/foreldra.“

Bókun vegna tillögu um breytingu á opnunartíma Leikskólans Barnabæjar frá stjórn foreldrafélags leikskólans:

„Við undirrituð teljum það skerðingu á þjónustu við bæjarbúa að stytta vistunartíma leikskólans um klukkustund. Viljum við einnig meina að óöryggi skapist hjá börnum foreldra sem ekki geta lagað vinnutíma sinn að þessum opnunartíma og þurfi jafnvel að redda sér dag frá degi með að láta sækja börnin fyrir sig. Teljum við að svoleiðis óvissa sé ekki holl fyrir nokkurt barn. Gott og gilt er að bæjaryfirvöld vinni að fjölskyldu- og menntastefnu, upplagt væri þá að vinna í samráði við fyrirtækin í bænum með svona aðgerðir og fara svo í framkvæmdir sem þessar.“

Í lok umræðna var tillaga starfsmanna Leikskólans Barnabæjar um opnunartíma skólans borin undir atkvæði og var hún samþykkt með þremur atkvæðum gegn tveimur. Enn fremur var ákveðið að endurskoða þörfina fyrir opnunartíma til kl. 17:00 um næstu áramót eftir miklar umræður.

Heiðrún og Árný vilja að það komi fram að þeim finnst ótrúlegt að ekki sé tekið tillit til bókunar stjórnar foreldrafélagsins.

2. Staða viðbyggingar.

Jóhanna kynnti stöðu viðbyggingar og dreifði teikningum af nýrri viðbyggingu og fór yfir þær.

3. Önnur mál.

Ekkert kom fram undir þessum lið.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:30.

Helga Kristín Gestsdóttir (sign)

Jakobína Halldórsdóttir (sign.)

Sunna Gestsdóttir (sign)

Árný Þóra Árnadóttir (sign)

Jóhanna G. Jónasdóttir, leikskólastjóri (sign)

Heiðrún Bjarkadóttir (sign)

Halla B. Bernósdóttir, fulltrúi starfsmanna (sign)

Þórdís Erla Björnsdóttir, fulltrúi foreldrafélagsins (sign)